



Athyglismerki

Kennarar nota ýmsar leiðir til þess að ná athygli hóps barna og koma skilaboðum til þeirra á framfæri. Með hefðbundnum aðferðum gengur þetta oft vel, en stundum eru nokkrir nemendur sem ekki taka eftir eða hunsa tilmæli kennara. Athyglismerki er mjög einföld en áhrifarík aðferð til þess að fyrirbyggja slíkt.

Hvað er athyglismerki?

Athyglismerki er skýr vísbending sem kennari notar á mjög markvissan og meðvitaðan hátt til þess að fanga athygli nemenda.

Dæmi um athyglismerki:

- Segja eitthvað fyrirfram ákveðið og alltaf eins. Um mjög margt getur verið að ræða, t.d.: „Hlustið“, „Krakkar takið eftir“, „Þögn“, telja niður; 3 – 2 – 1, eða jafnvel eitthvað sem nemendum þykir skondið.
- Klappa saman höndum í ákveðnum takti.
- Hljóðfæri, s.s. flauta eða príhorn.

Markmiðið með notkun athyglismerkis

Markmiðið með aðferðinni er auka þann tíma sem gefst til uppbyggilegra verkefna og samskipta milli kennara og nemenda og innan nemendahópsins innbyrðis, þ.e.a.s. að:

- Nýta tíma kennara sem best. Minni tími fer í að endurtaka fyrirmæli og einstaklingsfyrirmæli.
- Nýta tíma allra nemenda sem best, bæði þeirra sem eiga erfitt með að taka eftir og fylgja fyrirmælum af einhverjum ástæðum og annarra nemenda.
- Nemendur tileinki sér þá sjálfstjórn að beina athyglinni að því sem skiptir máli.
- Nemendur tileinki sér þá félagsfærni að hlusta af virðingu á þann sem talar.
- Minnka truflun og skapa góðan vinnufrið.
- Fyrirbyggja óæskilega hegðun.
- Taka á óæskilegri hegðun strax í upphafi, áður en hún verður erfið viðureignar.

Undirbúningur fyrir upptöku athyglismerkis

Áður en athyglismerkið er valið er rætt við nemendur um hvað til standi og rökstutt hvers vegna það er mikilvægt að kennari nái vel athygli allra. Ágætt er að vísa til dyggða á borð við tillitssemi, virðingu, sjálfstjórn og sem koma e.t.v. fram í einkunnarorðum skólans eða bekkjarreglum.

Val á athyglismerki getur ýmist farið fram með því að:

- Kennari velur merkið.
- Kennari býður upp á nokkur möguleg merki og nemendur velja sér eitt af þeim.

Við val á athyglismerki er ágætt að hafa í huga að:

- Nemendur geta orðið varir við merkið þó þeir snúi baki í kennara.
- Líka er mögulegt að nota merkið utan kennslustofunnar (t.d. á göngunum, á leikvelli, í gönguferð).
- Allir starfsmenn sem að bekknum koma geta notað sama merkið og með sama hætti.

Þjálfun og notkun

- Þegar merkið er gefið eiga nemendur að:
 - Stoppa
 - Horfa
 - Hlusta

Nemendur eiga að stoppa (að vinna, lesa, tala, ganga um stofuna o.s.fv.), horfa á kennarann, hlusta á hann og í framhaldinu að fara eftir því sem sagt er.

- Þegar athyglismerkið hefur verið valið skýrir kennari vel með dæmum hvernig ætlast er til að þeir bregðist við í ólíkum aðstæðum. Í kjölfarið er merkið æft þar sem kennari og nemendur skiptast á að gefa merkið ásamt fyrirmælum í nokkurs konar „Símon segir“ leik. Einnig má gera leik úr því að nota skeiðklukku til þess að mæla hversu fljótt kennari nær athygli allra.
- Þegar nemendum er orðið tamt að hlýða merkinu innan fárra sekúnda telst það vel æft og tilbúið til reglulegrar notkunar.
- Bæði þegar verið er að þjálfva notkun athyglismerkisins og eftir að það er komið í notkun er mikilvægt að það sé notað oft á dag.
- Eftir að merkið er gefið bíður kennari eftir að hafa náð athygli allra nemenda og þá fyrst kemur hann skilaboðum sínum til nemenda. Þau eru ekki gefin samhliða merkinu eða áður en kennari hefur fangað athygli hópsins.
- Hvort sem verið er að æfa notkun athyglismerkisins eða að reglubundin notkun þess er hafin, er áriðandi að það sé ekki bara notað þegar kröfur eru gerðar á nemendur (t.d. varðandi eitthvað námstengt) heldur að það sé líka notað til að koma skemmtilegri tilmælum eða upplýsingum til nemenda (t.d. „Eftir 2 mínútur kemur útifrí, nú skulið þið ganga frá verkefnum ykkar“, „Á fimmtudaginn er dótadagur, þá þurfið þið...“, „Sjáið, það er regnbogi yfir fjallinu“ o.s.fv.).
- Hvort sem um innleiðingu athyglismerkisins er að ræða eða eftir hana, ætti kennari reglulega að hrósa nemendum þegar þeim gengur vel að fara eftir merkinu (t.d. „Takk fyrir að gefa mér strax hljóð“, Vá, nú voruð þið fljót að gefa mér hljóð“, „Ég er stoltur af því hve þið hafið góða sjálfstjórn“ o.s.fv.).

Athyglismerki notað til að fyrirbyggja óæskilega hegðun

Nemendur eiga misauðvelt með að taka eftir og sumir jafnvel meðtaka fyrirmæli, en fara vísvitandi ekki eftir þeim. Oft geta kennarar áttað sig á þegar eitthvað slíkt er í uppsiglingu og þá kemur athyglismerkið að góðu gagni. Kennari nálgast þá viðkomandi nemanda og gefur hópþyrmsmælin, auk þess sem hann lætur augnaráðið hvíla stuttlega en ákveðið að nemandanum til marks um að ætlast sé til að hann hlýði líka. Vegna nærveru kennara og þess að allur bekkurinn gefur hljóð og fer eftir því sem er sagt aukast líkur á að umræddur nemandi fari að hóptilmælunum.

Athyglismerki notað til að stoppa óæskilega hegðun

Verið getur að stöku nemendur fylgi ekki hópnum í því að fara að fyrirmælum kennara, heldur snúi sér að einhverju öðru eða trufla aðra nemendur. Kennari ætti ekki að veita hinni óásættanlegu hegðun athygli, heldur..:

- Hrósa öðrum (nálægum) nemendum fyrir að fara að fyrirmælum kennara (t.d. „Flott að þú ert strax kominn af stað í verkefninu, Gunnar“).

- Kennari nálgast nemandann, gefur merkið og beinir máli sínu til alls hópsins, þó svo að flestir nemendur séu að gera það sem lagt hefur verið fyrir (t.d. „Krakkar, ég sé að hópinn gengur vel hjá ykkur. Lyftið upp hönd ef ykkur vantar aðstoð“ eða „Vill einhver spyrja að einhverju varðandi verkefnið?“ eða „Það eru 5 mínútur þangað til við tökum saman“). Umræddur nemandi hefur þannig fengið áminningu um til hvers er ætlast, án þess að kennarinn eða aðrir nemendur hafi veitt hinni óæskilegu hegðun athygli (en - eins og allir vita – getur athygli haft hvetjandi áhrif á þá hegðun sem hún beinist að) og gefst tækifæri til þess að taka upp betri hegðun.

Viðbrögð vegna nemenda sem ítrekað hunsa athyglismerkið:

- Kennari ræðir við nemandann í einrúmi, leitar skýringa hans á hegðuninni, án þess að ganga hart að nemandanum og óskar hugmynda hans um hvað kennari getur gert til þess að hjálpa honum að fara eftir merkinu eins og bekkjarfélagar.
- Kennari býður nemandanum auka þjálfun í að fara eftir merkinu.
- Kennari setur e.t.v. upp umbunarkerfi til tímabundinnar notkunar (sjá pistil Maríu Huldar Ingólfssdóttur, sálfræðings á vef Skólaskrifstofu; www.skolaust.is).

Nokkrar viðmiðunarreglur um hópfirmæli sem auka líkur á að eftir þeim er farið:

- Einföld, stuttur og skýr.
- Ein firmæli í einu.
- Segja hvað á að gera frekar en að orða það sem ekki á að gera.
- Ekki í spurnarformi.
- Sjónrænar vísbendingar samhliða munnlegum firmælum.
- Sögð með yfirveguðum hætti og í eðlilegri tónhæð.

Nokkur mistök sem dregið geta úr virkni aðferðarinnar:

- Merkið sem valið er nær ekki til allra nemenda (t.d. heyrir ekki eða sést ekki af öllum í hópnum).
- Óþægilegt áreiti er valið sem athyglismerki.
- Nemendahópnum hefur ekki verið kennt nógu vel að fara eftir merkinu.
- Einstaka nemendur hafa ekki fengið nauðsynlega auka þjálfun.
- Kennari gefur firmæli í beinu framhaldi af merkinu án þess að gefa hópnum tækifæri á að veita sér athygli og gefa hljóð.

Heimild:

- Sprague, J. & Golly, A. Til fyrirmyndar. Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun.

Aðalheiður Jónsdóttir, sálfræðingur

Birt í september, 2012 á vef Skólaskrifstofu Austurlands; www.skolaust.is